

**Ed. 362. Frumvarp til laga**

um birtingu efnahagsreikninga.

(Eftir 3. umr. i Nd.).

1. gr.

Hlutafélög, samvinnufélög, önnur félög, fyrirtæki bæjar- og sveitarfélaga og einstaklingar, sem reka verzlun, útgerð, iðnað eða aðra atvinnu, eru bókhaldsskyld og skulda bönkum og sjóðum hér á landi samtals 150000 krónur eða meira í árslok, skulu árlega birta efnahagsreikninga sína. Séu reikningar afhentir stjórnarráðinu til birtingar eigi síðar en 5 mánuðum eftir lok reikningsársins. Reikningunum skal fylgja vottorð skattanefndar (í Reykjavík skattstofu) um, að þeir séu í samræmi við skattaframtal.

2. gr.

Fjármálaráðuneytið annast birtingu efnahagsreikninga samkv. 1. gr. Ráðuneytið ákveður með reglugerð form reikninganna, hvernig þeir eiga að vera sundurliðaðir og annað, sem snertir framkvæmd laga þessara.

Ráðuneytinu er heimilt að krefja þá aðilja, sem um getur í 1. gr., um rekstrarreikninga eða einstaka liði úr rekstrarreikningum, til birtingar, ef ástæða þykir til.

3. gr.

Ráðuneytinu er heimilt að krefjast borgunar fyrir birtingu efnahagsreikninga. Það ákveður söluverð reikninganna, skipar fyrir um, hver stjórnarvöld skuli fá

þá ókeypis og hvað gera skuli til að gera almenningi sem auðveldast að kynnast reikningunum.

4. gr.

Ráðuneytið heldur sérstakan reikning yfir árlegar tekjur og gjöld reiknings-útgáfunnar. Ef tekjuhalli verður, telst hann með skrifstofukostnaði stjórnarráðs-  
ins, en verði tekjuafgangur, telst hann með tekjum ríkissjóðs.

5. gr.

Ráðuneytið getur hvenær sem er krafði banka og sjóði um skýrslu yfir lán-  
veitingar.

6. gr.

Við vanrækslu þeirrar skyldu, að senda reikninga til birtingar, getur stjórnar-  
ráðið ákveðið dagsektir, unz úr er bætt. Úrskurði ráðuneytisins um dagsektir verður  
ekki áfrýjað. Gefi einhver ranga eða villandi skýrslu um efnahag sinn, varðar það  
sektum frá 100 til 50000 kr., nema þyngri refsing liggji við að lögum.

Sektir skal innheimta með aðför.

7. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum skal fara með sem almenn lögreglumál.  
Sektir samkvæmt lögnum renna í ríkissjóð.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.